

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi á spildu úr landi Álfsstaða, Engjateigur.*
Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna lögbýli þar sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, hesthús, og vera með landbúnaðartengda ferðaþjónustu, gistihús og náttuga fyrir hesta.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. apríl 2014.
2. *Deiliskipulag fyrir nýtt fjós á bæjartorfu Gunnbjarnarholts.*
Í deiliskipulaginu er afmarkaður byggingarreitur þar sem heimilt verður að byggja allt að 5.000 m² fjós með áburðarkjallara með allt að 12 m mænishæð. Gert er ráð fyrir að nýtt fjós verði byggt utan um núverandi fjós.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. apríl 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. ágúst 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2014